



**Varðandi:** Viðauki við fjárhagsáætlun 2016

**Málsnúmer:** 1605142

**Dagsetning:** 25. maí 2016

---

**TILLAGA:**

Bæjarráð samþykkir tillögu bærarstjóra um hækkun á áætluðum staðgreiðslutekjum um samtals kr. 84.258.653.

Hinum áætluðu staðgreiðslutekjum er ráðstafað til að mæta hækkun launa vegna kjarasamninga sem gerðir voru í lok árs 2015 og á vormánuðum 2016.

Bæjarráð samþykkir viðauka 1 vegna ársins 2016 og vísar til staðfestingar bærarstjórnar.

---

**GREINARGERÐ:** Vegna kjarasamninga sem gerðir voru í lok árs 2015 og í apríl 2016 hafa orðið breytingar til hækkunar á launaútgjöldum miðað við forsendur fjárhagsáætlunar. Launaútgjöld hækka um 92 m.kr. að teknu tilliti til launapotta sem var óráðstafað. Gerð er tillaga um hækkun staðgreiðslutekna að fjárhæð 84 m.kr og lækkun afskrifta að fjárhæð um 6 mkr. til að mæta auknum launaútgjöldum. Mismununum að fjárhæð kr. 2 mkr. var mætt með ráðstöfun úr óvissum útgjöldum

Aðrar tillögur byggja á samþykktum bæjarráðs og bærarstjórnar og tillögum fjármálastjóra og deildarstjóra bókhaldsdeildar sbr. meðfylgjandi erindi sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Hvað fjárfestingar varðar er gerð tillaga um hækkun að fjárhæð 88,7 m.kr. með vísan m.a. til samþykktar bæjarráðs á endurskoðaðri fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun frá 28. apríl síðastliðnum. Hækkuninni er mætt með lækkun á handbæru fé.



Akraneskaupstaður

Áætluð rekstrarniðurstaða samstæðunnar er óbreytt þ.e. kr. 51.066.000.

Með vísan til framanritaðs og meðfylgjandi gagna gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

  
Regína Ásvaldsdóttir  
bærarstjóri

Fylgigögn:

1. Erindi sviðsstjóra varðandi viðauka 1, dags. 24. maí 2016.
2. Viðauki 1.



Akraneskaupstaður

